

samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 28. desember 1995.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa sem veiða utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin tekur ekki til veiða í fiskveiðilandhelgi annarra ríkja.

2. gr.

Skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem fara til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands, skulu tilkynna það Fiskistofu við upphaf hverrar veiðiferðar eða svo skjótt sem unnt er. Í tilkynningu skal greina nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn skipstjóra, hvar fyrirhugað er að stunda veiðar og hvenær áætlað er að þær hefjist. Óheimilt er að hefja veiðar utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands án þess að það hafi verið tilkynnt til Fiskistofu áður.

Tilkynna skal einnig hvenær veiðiferð lýkur, ekki seinna en við lok hennar. Skal þá tilkynna hvar fyrirhugað sé að landa aflanum.

3. gr.

Fyrir 20. hvers mánaðar skal útgerð fiskiskips hafa tilkynnt um afla undangengins mánaðar til Fiskistofu á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té. Útgerðarmönnum og skipstjórnarmönnum er jafnframt skylt að gefa Fiskistofu, án endurgjalds, allar þær upplýsingar varðandi veiðar skipanna utan fiskveiðilandhelgi Íslands og ráðstöfun aflans sem unnt er að láta í té og óskað er eftir, á umræddu eyðublaði eða með öðrum hætti.


II. KAFLI

Ákvæði um veiðar íslenskra skipa á Norðvestur-Atlantshafi.

4. gr.

Ákvæði 4.-14. gr. gilda jafnframt um veiðar íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilisvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilisvæði (hlutar deilisvæðis tilgreindir með litlum bókstaf) sem meðfylgjandi mynd í viðauka I sýnir.

Viðauki I



5. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar úr eftirtöldum stofnum án sérstaks leyfis er sjávarútvegsráðherra gefur út:

Þorsstofni á deilissvæðum 3M, 3NO og 2J3KL

Karfastofni á deilissvæðum 3M og 3LN

Skrápflúrustofni á deilissvæðum 3M og 3LNO

Stofni amerísks sandkola á deilissvæðum 3LNO

Langlúrustofni á deilissvæðum 3NO

Loðnustofni á deilissvæðum 3NO

Smokkfiskstofni á undirsvæðum 3 og 4

Rækjustofni á deilissvæðum 3LNO

Grálúðustofnum á deilissvæðum 3LMNO

6. gr.

Þegar veiðar eru stundaðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal í tilkynningu skv. 2. gr. koma fram, auk þargreindra upplýsinga, hvaða fisktegund og stofn fyrirhugað er að veiða og á hvaða deilissvæði búast megi við að skipið veiði.

7. gr.

Skýlt er útgerð skips að tilkynna til Fiskistofu með að minnsta kosti 24 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess inn á svæðið svo og afla um borð. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og hann aðgreindur eftir tegundum.

Þegar skip yfirgefur samningssvæðið skal útgerð þess tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara um slíkt. Skal í tilkynningu tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla um borð í skipinu sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og hann aðgreindur eftir tegundum.

Ef afla skips skal umskipað á meðan það er statt á samningssvæðinu skal útgerð þess tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara um slíkt. Skal í tilkynningu greina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla þann sem umskipa skal. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og hann aðgreindur eftir tegundum.

Þá er útgerð skips skýlt að tilkynna áður en skip fer af einu deilissvæði til annars.

Sjávarútvegsráðherra getur ákveðið að tiltekin skip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skuli búin sendingarbúnaði sem veitir Landhelgisgæslu Íslands sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra, til að uppfylla skuldbindingu Íslands um að 35% íslenskra skipa sem veiða á samningssvæðinu hafi slíkan búnað.

Þau skip sem búin eru slíkum búnaði eru undanþegin því að senda tilkynningu samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Skýlt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti.

Frá 1. janúar 1996 og þar til annað verður ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu skal eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu vera um borð í hverju skipi sem veiðir á samningssvæðinu. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum á vegum Fiskistofu fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum samkvæmt þessari grein endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstöð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum samkvæmt þessari grein skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er NAFO hefur sett. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

9. gr.

Skylt er veiðiskipum að skrá afla jafnóðum í sérstakar veiðidagbækur sem Fiskistofa lætur í té.

10. gr.

Ákvæði 10.-14. gr. gilda um veiðar á rækju á deilislvæði 3M. Jafnframt gilda önnur ákvæði þessarar reglugerðar um þær veiðar.

11. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu.

12. gr.

Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

13. gr.

Ef samanlagður aukaafli allra tegunda sem eru undir stjórn stofnunarinnar verður meiri en 5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

14. gr.

Rækjuveiðar á deilislvæði 3L, 3N og 3O eru óheimilar. Þó er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita sérstaka undanþágu frá þessu ef um er að ræða skip sem tekur þátt í rannsóknnum sem veiðar eru nauðsynlegur þáttur í.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 471, 15. ágúst 1994, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

28. desember 1995

Nr. 677

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 593/1987,
um þungaskatt, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 652/1994, orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	103.309	2800-2999	169.834
1000-1999	132.053	3000-3199	177.390
2000-2199	139.609	3200-3399	184.947
2200-2399	147.165	3400-3599	192.503
2400-2599	154.722	3600-3799	200.059
2600-2799	162.278	3800-3999	207.616

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	134.302	2800-2999	220.784
1000-1999	171.668	3000-3199	230.608
2000-2199	181.492	3200-3399	240.431
2200-2399	191.315	3400-3599	250.254
2400-2599	201.138	3600-3799	260.077
2600-2799	210.961	3800-3999	269.900

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 652/1994, orðist svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir: